

Nd. 549. Frumvarp til laga [341. mál]

um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna, aftan við ákvæði til bráðabirgða, sbr. l. 21/1984 og brbl. 102 1984, komi ný ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða II.

I.

Auk tekna skv. 9. gr., 16. gr., 22. gr. og 27. gr. skulu deildir sjóðsins árið 1985 hafa tekjur af endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs sem hér segir:

	M.kr.
a) Almenn deild	230
b) Verðjöfnunardeild	230
c) Áhafnadeild	80

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða sérstaka greiðslu af þessu fé úr verðjöfnunardeild til loðnuveiða, loðnuvinnslu og síldveiða. Þá mun ríkissjóður leggja fram 50 m. kr. til áhafnadeildar vegna fæðispeninga sjómanna.

Heimilt er að færa fé þetta milli deilda sjóðsins með samþykki sjávarútvegsráðherra.

II.

Árið 1985 skal í stað bótagreiðslna úr hinni almennu deild sjóðsins, skv. I. kafla laganna, greiða sérstakar bætur sem nemi 4% af öllu verðmæti afla, sem landað er innanlands, miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins að meðtalinni kassa- og línuuppbót, en af skiptaverðmæti við landanir veiðiskipa erlendis. Bætur þessar skal greiða inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjárssjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4 13. febrúar 1976, skv. reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Um ákvörðun gjaldstofns og greiðslur fer á sama hátt og um greiðslur í Stofnfjárssjóð fiskiskipa eftir því sem við getur átt.

III.

Auk sérstakra bóta samkvæmt II, skal á tímabilinu 1. janúar 1985 til 31. ágúst 1985 greiða til útgerðar fiskiskipa 3% viðbót á sama stofn og greinir í II samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

IV.

Árið 1985 skal áhafnadeild auk greiðslu fæðispeninga greiða 80 m.kr. til lífeyrissjóða sjómanna, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við ákvörðun fiskverðs um síðustu áramót var við það miðað, að greiðslur úr hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs yrðu með sama hætti á verðtímabilinu (sem lögum samkvæmt er til ágústloka) og voru á síðari hluta árs 1984. Árið 1984 voru greiddar sérstakar 4% bætur af öllu aflaverðmæti inn á reikning hvers skips í Stofnfjár sjóði fiskiskipa í stað bótagreiðslna skv. fyrri reglum sjóðsins. Þessi tilhögun gafst vel á liðnu ári og er hér lagt til, að hún haldist árið 1985. Frá júníbyrjun 1984 voru auk þess greiddar 3% tímabundnar bætur beint til útgerðar á sama stofn og hinar sérstöku 4% bætur og er hér lagt til að þær haldist út fiskverðstímabilið til ágústloka 1985.

Báðar þessar greiðslur, 4% og 3%, verða teknar til endurskoðunar í þeirri athugun, sem nú er að hefjast á sjóðakerfi og tekjuskiptingu í sjávarútvegi á vegum nefndar, sem sjávarútvegsráðherra hefur skipað. Í þeirri nefnd eru fulltrúar sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnslu auk manna, sem sjávarútvegsnefndir beggja deilda Alþingis og sjávarútvegsráðherra hafa tilnefnt. Til þess að greiða fyrir kjarasamningum sjómanna á fiskiskipum og útvegsmanna lýsti ríkisstjórnin enn fremur því yfir, að í tengslum við þessa endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegs og löggjöf, er varðar hlutskipti á fiskiskipum, stefndi hún að því að lækka sérstakan kostnaðarhlut útgerðar (eða auka þann hluta hennar, sem kemur til hlutaskipta) um 2% fyrir lok þessa árs. Í þessari endurskoðun verður sérstaklega hugað að því að lækka sérstakan kostnaðarhlut útgerðar við landanir erlendis. Að tilmælum sjómanna og útvegsmanna verður þessi lækkan kostnaðarhlutar útgerðar framkvæmd þegar frá 1. mars sl., og hefur verið flutt frumvarp um nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 71/1984 í því skyni.

Við fiskverðsákvörðunina um síðustu áramót var breytt reglum um greiðslu verðuppbótar úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs, og verða þær sem hér segir á gildistíma hins nýja fiskverðs:

1. Á verð ufsa 25% uppbót (var 16%), þó ekki í mars og apríl.
2. Á verð karfa (og grálúðu og lúðu, sem veidd er á línu $\frac{1}{6}$ til $\frac{3}{8}$) 16% uppbót (var 16%).
3. Á verð ýsu engin uppbót (var 6%).
4. Á verð annars botnfisks 6% uppbót (var 6%).

Þá varð sú breyting, að verðuppbótin greiðist eingöngu á fisk, sem landað er til vinnslu innanlands, sem felur í sér að hún verður hér eftir ekki greidd á fisk, sem fluttur er óunninn í gámum á erlendan markað. Þetta er gert til samræmis við meðferð á þeim ísfiski, sem fluttur er í veiðiskipum og ekki hefur notið verðuppbótar.

Með tillögum þessa frumvarps er fjárhagur áhafnadeildar bættur að mun. Tilgangurinn er að gera deildinni kleift að leggja fram fé til þess að bæta lífeyrisréttindi sjómanna. Í tengslum við kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna, hefur sjávarútvegsráðherra rætt við samningsaðila um það, hvernig 80 m.kr. fjárframlag úr áhafnadeild geti nýst sem best til þess að leysa þetta mál, og verður það fé lagt fram á grundvelli samkomulags aðila. Þá mun verða lögð fram sérstök fjárveiting, 50 m. kr., árið 1985 til þess að gera kleift að hækka fæðispeningagreiðslur úr áhafnadeild um 25% frá 1. mars 1985 að telja. Þessi atriði koma fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir af hennar hálfu til að greiða fyrir kjarasamningum sjómanna, sem getið var hér að framan. Þá er hér gert ráð fyrir að endurgreiðsla söluskatts til loðnuveiða, loðnuvinnslu og síldveiða verði að svo stöddu með þeim hætti, að greidd verði 6% verðuppbót úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs ofan á lágmarksverð til útgerðar og sjómanna, sem komi til skipta á venjulegan hátt.

Til þess að standa straum af öllum framangreindum greiðslum nægja núgildandi tekjustofnar Aflatryggingasjóðs ekki (sjá töflu 1). Því er hér lagt til, að endurgreiðsla söluskatts til sjávarútvegsfyrirtækja, (sem áætlaður er 540 m.kr. árið 1985, sbr. töflu 2), skuli öll renna til Aflatryggingasjóðs. Á fjárlögum eru ætlaðar 430 m.kr. til greiðslu í þessu skyni, sem ætti að nægja vel til að standa skil á ársfjórðungslegri greiðslu eftir á. Gert er ráð fyrir því að fjárveiting til þessara þarfa verði endurskoðuð síðar. Auk þess ráðgerir sjávarútvegsráðherra að nýta endurgreiðslu loðnuverksmiðja og loðnuútgerðar á lánnum úr gengismunarsjóði, sem veitt voru árið 1983, til þess að styrkja greiðslustöðu Aflatryggingasjóðs.

Eins og áætlanir um rekstur útvegsins, sem gerðar voru í tengslum við fiskverðsákvörðun bera með sér, eru greiðslurnar úr Aflatryggingasjóði ákaflega mikilvægar fyrir afkomuna (töflur 4 og 5) og sama gildir um tekjur sjómanna (töflur 6 og 7). Til þess að gefa yfirlit yfir afkomu sjávarútvegsins í heild fylgja einnig áætlanir um afkomu fiskvinnslunnar við rekstrarskilyrði á fyrsta fjórðungi þessa árs (töflur 8 og 9).

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr., I.

Skiptingin á fénu er ákveðin í samræmi við fjárþörf einstakra deilda eins og hún er nú áætluð (sbr. töflu 1). Rétt þykir að hafa heimild fyrir sjávarútvegsráðherra til þess að ákveða að greiða til loðnuveiða og loðnuvinnslu sérstaklega af þessu fé. Þá þykir rétt, að heimila með þessum lögum að færa fé þetta milli deilda sjóðsins, ef þurfa þætti vegna breyttra aðstæðna.

Um 1. gr., II.

Hér er lagt til að ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 21 24. apríl 1984 verði framlengt efnislega óbreytt og látið gilda allt árið 1985.

Um 1. gr., III.

Hér er lagt til að ákvæði 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 102 30. júlí 1984 verði látin gild á gildistíma almenns fiskverðs á árinu 1985 eins og það var ákveðið um síðustu áramót, þ. e. til ágústloka.

Um 1. gr., IV.

Hér er lagt til, að áhafnadeild greiði 80 m.kr. til lífeyrissjóða sjómanna, auk greiðslu fæðispeninga til starfandi sjómanna, sem reiknað er með að hækki með almennum launabreytingum.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Lausleg áætlun Þjóðhagsstofnunar um fjárhag Aflatryggingasjóðs 1985, m. v. áætlaðan afla, gengi og verðlag 1985.

Tafla 1.

3. mars 1985.

	Almenn deild	Verð- jöfnunar- deild	Áhafna- deild	Samtals
	M. kr.	M. kr.	M. kr.	M. kr.
1. Til ráðstöfunar:				
1.1. Eignir / skuldir 1/1/85	119	-63	55	111
1.2 Tekjur af útflutningsgjaldi	165	220	230	615
1.3 Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti	230	230	80	540
1.4 Framlag úr ríkissjóði til áhafnadeildar	—	—	50	50
1.5 Til ráðstöfunar alls 1985				
(1.5 = 1.1 + 1.2 + 1.3 + 1.4)	514	387	415	1 316
2. Ráðstöfun:				
2.1 Áætlun óuppgert frá 1984	30	20	7	57
2.2 Ársútgjöld m. v. gildandi reglur		360	235	595
2.3 Ársútgjöld m. v. 1. gr. II lið í frumvarpinu (4%)	276	—	—	276
2.4 Ársútgjöld, sbr. 1. gr. III lið	208	—	—	208
2.5 Greiðsla í lífeyrissjóði sjómanna, sbr. 1. gr. IV. lið	—	—	80	80
2.6 Greiðsla vegna loðnuveiða og -vinnslu og síldveiða 6% uppbót á aflaverðmæti árið 1985, sbr. 2. mgr. 1. gr., I. lið	—	50	—	50
2.7 Hækkun fæðisdagpeninga; 25% 1/3 '85	—	—	50	50
2.8 Ráðstöfun 1985 (2.8=2.1+2.2+2.3+2.4+2.5 +2.6+2.7)	514	430	372	1 316
3. Eignir/skuldir 31/12/1985	0	-43	43	0

Fylgiskjal II.

Lausleg áætlun Þjóðhagsstofnunar um uppsafnaðan söluskatt í rekstrarkostnaði fiskveiða og fiskvinnslu á heilu ári 1985. Miðað er við 24 prósent söluskatt og verðlagsforsendur fjárlaga.

Tafla 2.

	Söluskattur % af gjöldum			Áætluð rekstrar-gjöld	Áætlaður sölu-skattur
	Beinn söluskattur	Óbeinn söluskattur	Samtals söluskattur		
1. Fiskveiðar, bátar og togarar	0,2	0,8	1,0	11 000	110
2. Fiskvinnsla, frysting og söltun . . .	1,6	1,0	2,6	13 100	340
3. Fiskmjöls- og lýsisvinnsla	3,0	1,2	4,2	2 100	90
					540

Athugasemdir:

Með beinum söluskatti er hér átt við þann söluskatt, sem greiddur er beint við kaup á söluskattsskyldum aðföngum, en óbeinn söluskattur er aftur á móti sá söluskattur, sem safnast upp í framleiðslukostnað aðkeyprar vöru eða þjónustu.

Ofangreind hlutföll söluskatts í framleiðslukostnaði fiskiðnaðar eru miðuð við 24% söluskatt, meðalverðlag 1985, skv. fjárlagafrumvarpi á lokastigi 1985 og aflaforsendur í þjóðhagssþá 1985. Aðferðirnaar, sem notaðar eru við þetta mat, eru hinar sömu og notaðar hafa verið við hliðstæðar áætlanir fyrir útflutningsiðnað á undanförunum árum. Byggt er á rekstrarreikningum og rekstraráætlunum Þjóðhagsstofnunar fyrir einstakar greinar sjávarútvegsins.

Skýringar við rekstraráætlanir botnfiskveiða 1983 og framreikning til marsskilyrða 1985. (Tölur 3, 4, og 5)

Reikningar ársins 1983.

Ársreikningurinn byggir á reikningaefni frá Fiskifélagi Íslands. Tekjur og gjöld eru endurmetin eftir upplýsingum Fiskifélags og fleiri aðila á líkan hátt og áður í áætlunum Þjóðhagsstofnunar. Í togarareikningi er rekstur frystitogara ekki meðtalinn.

Fjármagnskostnaðarmatið byggir á árgreiðsluaðferðinni og er váttryggingarverðmæti flotans notað sem grundvöllur árgreiðslunnar. Miðað við 12 ára endingartíma fjárfestingar að viðbættu 10% álagi vegna rekstrarfjár og jafnframt miðað við 10% hrakvirði. Sýnd eru tvö tilvik um raunvexti af fjármagni, 3% og 6%.

Rekstraryfirlit botnfiskveiða í mars 1985.

Fiskverðsbreytingin, sem tók gildi 21. nóvember, hafði í för með sér um 20% meðalhækkun á fiskverði. Þorskur, skarkoli og steinbítur hækkðu um 20%, ýsa um 45%, karfi um 18% og aðrar botnfisktegundir um 15%, nema ufsi, sem hækkaði ekki. Jafnframt var tilhögun verðuppbóta úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs breytt þannig, að nú er greidd 25% uppbót á ufsaverð (þó ekki í mars og apríl), engin á ýsu, á karfa 26% (og einnig á lúðu og grálúðu veidda á línu frá júní til ágúst) og á aðrar botnfisktegundir 6%.

Gert er ráð fyrir óbreyttum greiðslum úr almennu deild Aflatryggingasjóðs, sem alls nema um 7% af lágmarksverði. Fiskverðshækkunin hjá minni togurum er áætluð 19.5% og hjá stærri togurum 18.1%. Hækkun á verði botnfiskafla báta er áætluð 20.9%.

Rekstraryfirlit minni togara miðast við 82 skip (frystitogararnir Örvur og Hólmadrangur eru ekki taldir með). Í reikningi stærri togara er gengið út frá rekstri 12 togara. Aflaforsendur eru að mestu leyti miðaðar við áætlað aflamark 1985.

Aflamarkinu er skipt milli skipsgerða eftir sömu forsendum og áætluð skipting kvóta árið 1984. Aflinn er reiknaður án álags á landanir erlendis. Miðað er við afla upp úr sjó í þúsundum tonna.

Aflaforsendur í rekstraráætlun 1985:

	Bátar			Togarar				Aflaforsenda Samtals
	21—200 brl.	Aðrir	Samtals	Minni togarar	Stærri togarar	Frysti- togarar o. fl.	Samtals	
Porskur	92	40	132	106	12	10	128	260
Ýsa	18	6	24	21	3	2	26	50
Ufsi	20	11	31	27	8	4	39	70
Karfi	4	2	6	72	23	9	104	110
Skarkoli	7	2	9	6	1	1	8	17
Grálúða	1	1	2	21	4	3	28	30
Steinbítur	6	3	9	5	1	0	6	15
Annað	(2)	(0)	(2)	(10)	(1)	(1)	(12)	(14)
Samtals	150	65	215	268	53	30	351	566

Gert er ráð fyrir, að meðalafli minni togara verði um 2.838 tonn, sem þýðir um 3% samdrátt í þunga frá árinu 1983 og um 2% minni afla að meðaltali á togara en áætlað er að verði á árinu 1984. Áætlað er, að afli stærri togara árið 1985 verði 3.892 tonn að meðaltali, sem er um 1,5% aukning frá 1983 og um 15% frá lauslegri áætlun um árið 1984. Gert er ráð fyrir, að lakari samsetning afla rýri tekjur minni togara um 2,2% frá 1983 og lækki tekjur stærri togara um 5,6%.

Gert er ráð fyrir, að afli báta dragist saman um tæplega 6% frá árinu 1983 og samsetningarbreyting rýri tekjur bátanna um 1% til viðbótar. Tekjur bátanna í heild aukast nokkuð umfram meðaltekjubreytingu á botnfiskveiðum vegna verðhækkunar á sérafla (þ. e. rækju-, humar- og skelafli) umfram almennar verðbreytingar á botnfiskafla. Miðað við árið 1984 þýða þessar aflaforsendur árið 1985 aukinn botnfiskafla báta, sem gæti numið um 5—6%. Samdráttur í afla báta frá árinu 1983 til ársins 1984 nemur hins vegar líklega um 10—12%.

Áhrif af kvótasölu og framsali á kvóta eru ekki metin sérstaklega í þessum framreikningi. Líklega hefur einkum verið um tilflutning að ræða frá bátum yfir á togara, sem ætti að hafa bætt hag bátanna nokkuð. Nokkrum vandkvæðum er bundið að meta áhrif kvótakerfisins og aflasamdráttar á sókn flotans og þar með tilkostnaði við veiðarnar.

Upplýsingar um sókn bátaflotans árið 1984 liggja ekki fyrir nú. Mat á sókn togaranna er byggt á upplýsingum frá LÍÚ um úthaldið janúar—ágúst 1984. Úthaldsdagamælingarnar eru háðar nokkurri óvissu; þannig gæti orðið breyting á aflabrögðum og úthaldi, sem leiddi til sparnaðar í úthaldskostnaði án þess að það mælist sem breyting á úthaldi í skýrslum LÍÚ og Fiskifélags, ef bátur er með færri net í sjó en áður eða landlegur bátur og togara verða lengri en áður.

Sýnd eru tvö tilvik um mismunandi sóknarbreytingar. Miðað við tölur frá LÍÚ um úthald togaranna tímabilið janúar—ágúst 1984 dróst sókn minni togara saman um tæplega 7% og stærri togara um tæplega 9½% miðað við sama tímabil árið 1983. Í fyrra

sóknardæminu er gert ráð fyrir, að sókn togaranna síðustu mánuði ársins dragist saman um 15%, þannig að sóknarsamdráttur árið 1984 frá árinu 1983 verði um 9,8% hjá minni togurum og 11,3% hjá stærri togurum. Í síðara úthaldsdæminu er gert ráð fyrir, að sóknin dragist saman um 25% síðustu mánuðina, sem þýðir um 13% sóknarminnkun hjá minni togurum og um 14,5% hjá stærri togurum. Forsendurnar eru sýndar hér á eftir:

Sóknarforsendur í úthaldsdæmum togara.

	Minni togarar					Stærri togarar				
	Fyrri úthaldsdæmi			Seinna úthaldsdæmi		Fyrri úthaldsdæmi			Seinna úthaldsdæmi	
	1983	1984	% breyting	1984	% breyting	1983	1984	% breyting	1984	% breyting
Meðalúthald jan.—ág. skv. LÍÚ	217	202	-6.9	202	-6.9	234	212	-9.4	212	-9.4
Áætluð sókn sept.—des.	111	94	-15.0	83	-25.0	112	95	-15.0	84	-25.0
Úthald alls	328	296	-9.8	285	-13.1	346	307	-11.3	296	-14.5

Í fyrri úthaldsdæminu er áætlað, að sókn í bátareikningi aukist um 1,5%, en í síðara dæminu að hún dragist saman um 2,0%. Í fyrri tilvikinu er gert ráð fyrir 6% samdrætti í sókn í botnfisk og í seinna tilvikinu, að hún dragist saman um 10%. Hvað annan afla varðar er gert ráð fyrir nokkurri sóknaraukningu á rækjuveiðum, sóknarminnkun á síldveiðum en að sókn í annan afla sé nær óbreytt.

Afar torvelt er að meta áhrif samdráttar í sókn á tilkostnað við veiðarnar. Í áætluninni er gert ráð fyrir, að olíur, veiðarfæri, ís og löndunarkostnaður fylgi sóknarbreytingunum að fullu, viðhald að hálfu, en fastur kostnaður haldist óbreyttur.

Sóknarbreytingarnar lækka útgjöld í reikningi minni togara, sem nemur um 5,1% af tekjum og gjöld stærri togara lækka um 4,6% miðað við fyrri úthaldsdæmið. Gjöld togaranna lækka um 1,5% af tekjum til viðbótar m. v. seinna dæmið. Aukin sókn í fyrri bátadæminu hækkar tilkostnað, sem svarar 0,3% af tekjum, en í síðara dæminu lækkar kostnaðurinn um rúmlega 1% af tekjum.

Hér á eftir fer yfirlit um meðalafla, bæði á hvern úthaldsdag og hvern togara, á fyrrgreindum forsendum um sóknarbreytingar og er þá miðað við meðalafla á úthaldsdag samkvæmt upplýsingum LÍÚ tímabilið janúar—ágúst 1984 og gert ráð fyrir svipuðum meðalafla á úthaldsdag síðustu mánuðina 1984 og var 1983.

		Meðalafi á togarar			
		Minni togarar	Breyting milli ára, %	Stærri togarar	Breyting milli ára, %
	1983	2.828	—	3.833	—
Lausleg áætlun	1984	2.989	-1.0	3.372	-12.0
Forsendur í rekstraráætlun	1985	2.838	-2.1	3.892	15.4
		Meðalafi á úthaldsdag			
	1983	8.9	—	11.1	—
Lausleg áætlun	1984	9.8	10.1	11.0	-0.1
Forsendur í rekstraráætlun 1985					
Fyrri úthaldsdæmi		9.6	-2.0	12.7	15.5
Síðara úthaldsdæmi		10.0	2.0	13.1	19.1

Rekstraráætlunin er færð fram til marsverðlags 1985. Tryggingar eru endurmetnar og reiknað með 40% iðgjaldsendurgreiðslu. Gera verður sérstakan fyrirvara um bátareikninginn, þar sem hann er ekki unninn eftir skiptingu báta í kvótaflokka heldur eftir stærð skipa, þar sem enn liggja ekki fyrir upplýsingar um tekjur og gjöld eftir kvótaflokkum. Ekki er sett fram greiðslufirlit fyrir flotann, en unnið verður að athugun á því máli á næstunni.

Fjármagnskostnaður er metinn eftir árgreiðsluáðferð og sýnd tvö tilvik, um 3% og 6% raunvexti af fjármagni. Sýnd eru dæmi um mismunandi rekstrarafkomu togaranna eftir aldri.

Tafla 3.

8. janúar 1985.

Átlað rekstraryfirlit botnfiskveiða árið 1983 (millj. kr.).

	Bátar án loðnu			Samtals
	21—200 brl.	Minni togarar	Stærri togarar	
Fjöldi togara		82	14	96
Tekjur alls	2 166,5	2 491,2	559,8	5 217,5
1. Seldur afli héraðs	1 937,9	2 047,1	355,6	4 340,6
2. Seldur afli erlendis	61,6	269,9	182,8	514,3
3. Aðrar tekjur	167,0	174,2	21,4	362,6
Gjöld alls (1—6)	2 012,6	2 289,4	553,5	4 835,5
1. Aflahlutir	672,3	678,5	96,0	1 446,8
2. Laun og tengd gjöld	227,7	93,4	71,7	392,8
3. Olíur	324,9	652,5	156,5	1 133,9
4. Veiðarfæri	212,2	208,9	38,7	459,9
5. Viðhald	268,7	292,6	62,4	623,7
6. Annar kostnaður	306,8	363,5	108,2	778,5
7. Verg hlutdeild fjármagns	153,9	201,8	26,3	382,0
Verg hlutdeild, % af tekjum	7,1	8,1	4,7	7,3
Rekstrarafkoma:				
8. Reiknuð árgreiðsla (fjárhæð sem skilar 3% ávöxtun m. v. 12 ára endingartíma)	305,4	498,1	92,9	896,4
9. Hreinn hagnaður (9=7-8)	-151,5	-296,3	-66,6	-514,4
Hreinn hagnaður, % af tekjum	-7,0	-11,9	-11,9	-9,9
Rekstrarafkoma:				
Dæmi um 6% ávöxtun stofnfjár				
10. Reiknuð árgreiðsla (fjárhæð sem skilar 6% ávöxtun m. v. 12 ára endingartíma)	362,6	591,4	110,3	1064,3
11. Hreinn hagnaður (11=7-10)	-208,7	-389,6	-84,0	-682,3
Hreinn hagnaður, % af tekjum	-9,6	-15,6	-15,0	-13,1
Uppgjör fjármagnskostnaðar samkvæmt skattalögum				
12. Afskriftir	230,3	375,6	55,5	661,4
13. Gjaldfærðir vextir og gengism.	621,9	2 069,8	354,7	3 046,4
14. Tekjufærsla v/verðbreytinga	618,0	1 837,8	345,8	2 801,6
15. Hreinn hagnaður eftir verðbr. f. (15=7-12-13+14)	-80,3	-405,8	-38,1	-524,2
Hreinn hagnaður, % af tekjum	-3,7	-16,3	-6,8	-10,0
Meðalverð aflans, kr. á kg				
Landað heima, heildarverð		9,02	8,06	
Landið erlendis, brúttóverð		20,44	19,69	
Aflamagn á skip að meðaltali, tonn (sl. m. h.)				
Landað heima		2 767	3 151	
Landað erlendis		161	663	
	Samtals:	2 928	3 814	
Heildarafli togara (sl. m. h.) þús. tonn		240,1	53,4	
Vátryggingarverðmæti (Bátar heild, togarar meðaltal á skip)	3 071,0	61 075	66 032	
Athugasemd: Sjá skýringar				

Tafla 4.

8. janúar 1985.

Fyrri úthaldsdæmi: Áætlað rekstraryfirlit botnfiskveiða í mars 1985
(millj. kr.).

	Minni togarar					Samtals
	Bátar án loðnu 21—200 brl.	Eldri skráðir fyrir 1977	Yngri skráðir 1977 og síðar	Alls	Stærri togarar	
Fjöldi togara		45	37	82	12	94
Breyting frá 1983, úthald og sóknartengdur kostnaður, % ...	1,5			-9,8	-11,3	
Tekjur alls (1—4)	3 390,2	2 121,4	1 744,1	3 865,5	763,0	8 018,7
1. Seldur afli héraendis (p. a. verðuppbætur)	3 043,8 (90,2)	1 648,1 (95,0)	1 355,1 (78,1)	3 003,2 (173,1)	431,0 (32,1)	6 478,0 (295,4)
2. Seldur afli erlendis	77,3	307,4	252,7	560,1	291,0	928,4
3. Bætur úr Aflatryggingasjóði ..	152,0	91,4	75,1	166,5	31,5	350,0
4. Aðrar tekjur	117,1	74,5	61,2	135,7	9,5	262,3
Gjöld (1—6)	3 019,1	1 838,2	1 511,5	3 349,7	674,9	7 043,7
1. Aflahlutir	1 034,0	544,5	447,7	992,2	123,6	2 149,5
2. Laun og tengd gjöld	328,0	72,6	59,7	132,3	91,0	551,3
3. Olíur	581,1	549,8	452,0	1 001,8	206,9	1 726,8
4. veiðarfæri	323,6	153,0	125,8	278,8	39,8	642,2
5. Viðhald	387,5	218,6	179,8	398,4	71,4	857,3
6. Annar kostnaður	427,9	299,7	246,5	546,2	142,2	1 116,3
7. Verg hlutdeild fjármagns ...	371,1	283,1	232,7	515,8	88,1	975,0
Verg hlutdeild, % af tekjum	10,9	13,3	13,3	13,3	11,5	12,2
Rekstrarafkoma:						
8. Reiknuð árgreiðsla fjárhæð sem skilar 3% ávöxtun m. v. 12 ára endingartíma)	433,3	318,6	435,3	753,9	113,8	1 301,0
9. Hreinn hagnaður (7—8) ...	-62,2	-35,5	-202,6	-238,1	-25,7	-326,0
Hreinn hagnaður, % af tekjum	-1,8	-1,7	-11,6	-6,2	-3,4	-4,1
Rekstrarafkoma:						
Dæmi um 6% ársvöxtun stofnfjár						
10. Reiknuð árgreiðsla fjárhæð sem skilar 6% ársvöxtun m. v. 12 ára endingartíma) .	514,4	378,4	516,9	895,3	135,1	1 544,8
11. Hreinn hagnaður (7—10) ..	-143,3	-95,3	-284,2	-379,5	-47,0	-569,8
Hreinn hagnaður, % af tekjum	-4,2	-4,5	-16,3	-9,8	-6,2	-7,1
Meðalverð aflans, kr. á kg						
Landað heima, heildarverð				14,34	11,85	
Landað erlendis, brúttóverð ...				29,32	28,13	
Aflamagn á skip að meðaltali, tonn (sl. m. h.)						
Landað heima				2 605	3 030	
Landað erlendis				233	862	
Samtals:				2 838	3 892	
Heildarafli togara (sl. m. h.) þús. tonn				232,7	46,7	
Vátryggingarverðmæti (Bátar heild, togarar meðaltal á skip)	4 360,8	71 200	118 300	92 700	95 367	
Athugasemd: Sjá skýringar.						

Tafla 5.

8. janúar 1985.

Seinna úthaldsdæmi: Áætlað rekstraryfirlit botnfiskveiða í mars 1985
(millj. kr.)

	Minni togarar					Samtals
	Bátar án loðnu 21—200 brl.	Eldri skráðir fyrir 1977	Yngri skráðir 1977 og síðar	Alls	Stærri togarar	
Fjöldi togara		45	37	82	12	94
Breyting frá 1983, úthald og sóknar- tengdur kostnaður, %	-2,0			-13,1	-14,5	
Tekjur alls (1—4)	3 390,2	2 121,4	1 744,1	3 865,5	763,0	8 018,7
1. Seldur afli héraðs	3 043,8	1 648,1	1 355,1	0	431,0	6 478,0
(þ. a. verðuppbætur)	(90,2)	(95,0)	(78,1)	(173,1)	(32,1)	(295,4)
2. Seldur afli erlendis	77,3	307,4	252,7	560,1	291,0	928,4
3. Bætur úr Aflatryggingasjóði	152,0	91,4	75,1	166,5	31,5	350,0
Aðrar tekjur	117,1	74,5	61,2	135,7	9,5	262,3
Gjöld (1—6)	2 981,6	1 806,6	1 485,4	3 292,0	663,9	6 937,5
1. Aflahlutir	1 034,0	544,5	447,7	992,2	123,6	2 149,5
2. Laun og tengd gjöld	328,0	72,6	59,7	132,3	91,0	551,3
3. Olíur	500,2	529,6	435,5	965,1	199,4	1 644,7
4. Veidarfæri	312,5	147,5	121,2	268,7	38,4	619,6
5. Viðhald	380,8	215,0	176,7	391,7	70,2	842,7
6. Annar kostnaður	426,1	297,4	244,6	542,0	141,3	1 109,4
7. Verg hlutdeild fjármagns	408,6	314,7	258,8	573,5	99,1	1 081,2
Verg hlutdeild, % af tekjum	12,1	14,8	14,8	14,8	13,0	13,5
Rekstrarafkoma						
8. Reiknuð árgreiðsla fjárhæð sem skilar 3% ávöxtun m. v. 12 ára endingartíma	433,3	318,6	435,3	753,9	113,8	1 301,0
9. Hreinn hagnaður (7—8)	-24,7	-3,9	-176,5	-180,4	-14,7	-219,8
Hreinn hagnaður, % af tekjum	-0,7	-0,2	-10,1	-4,7	-1,9	-2,7
Rekstrarafkoma						
Dæmi um 6% ávöxtun stofnfjár						
10. Reiknuð árgreiðsla fjárhæð sem skilar 6% ávöxtun m. v. 12 ára endingartíma	514,4	378,4	516,9	895,3	135,1	1 544,8
11. Hreinn hagnaður (7—10)	-105,8	-63,7	-258,1	-321,8	-36,0	-463,6
Hreinn hagnaður, % af tekjum	-3,1	-3,0	-14,8	-8,3	-4,7	-5,8
Meðalverð aflans, kr. á kg						
Landað heima, heildarverð				14,34	11,85	
Landað erlendis, brúttóverð				29,32	28,13	
Aflamagn á skip að meðaltali, tonn (sl. m. h.)						
Landað heima				2 605	3 030	
Landað erlendis				233	862	
Samtals:				2 838	3 892	
Heildarafli togara (sl. m. h.) þús. tonn				232,7	46,7	
Vátryggingarverðmæti (Bátar heild, togarar meðaltal á skip)	4 360,8	71 200	118 300	92 700	95 367	

Athugasemd: Sjá skýringar.

Tafla 6.

Breytingar fiskverðs og kauptaxta 1977—1985.
 Vísitölur 1977 = 100.

	Fiskverð botnfiskafli 1)	Kauptaxtar allra launþega	Fiskverð/ kauptaxtar
1977	100	100	100
1978	135	155	87
1979	194	223	87
1980	279	337	83
1981	408	504	81
1982	632	757	84
1983	1 097	1 136	97
1984 maí	1 269	1 311	97
1984 júní	1 397	1 337	104
1984 jan.—okt.	1 326	1 314	101
1984 desember	1 676 ²⁾	1 549	108
1984 allt árið	1 369	1 350	101
Janúar 1985	1 676	1 595	105
Mars 1985	1 676	1 619	104
Maí 1985	1 676	1 664	101
Nóvember 1984—ágúst 1985	1 657	1 614	103

- 1) Hlutur sjómanna í skiptaverði. Hér er um hreinar verðvísitölur að ræða, sem aflabreytingar hafa ekki áhrif á.
 2) Hér er miðað við 20% hækkun á fiskverði til sjómanna frá 21. nóvember 1984.

Tafla 7.

**Lauslegar ágiskanir um þróun atvinnutekna sjómanna
 (á botnfiskveiðum) og annarra launþega 1977—1985.¹⁾**
 Vísitölur, 1977 = 100.

	Sjómenn	Verkamenn	Iðnaðarmenn	Allir launþegar	Sjómenn/ verkamenn	Sjómenn/ iðnaðarmenn	Sjómenn/ allir launþegar
1977	100	100	100	100	100	100	100
1978	139	155	152	152	89	91	91
1979	227	231	222	222	98	102	102
1980	359	360	338	339	100	106	106
1981	540	569	524	529	95	103	102
1982	788	859	812	814	92	97	97
1983	1 171	1 314	1 258	1 258	89	93	93
1984 maí	1 431	1 597	1 515	1 525	90	94	94
1984 júní	1 575	1 629	1 544	1 555	97	102	101
1984 desember ²⁾	1 890	1 838	1 742	1 794	103	109	105
Janúar 1985 ²⁾	1 920	1 976	1 893	1 902	97	101	101
Nóv. 1984—ágúst 1985 ²⁾ ..	1 893	1 996	1 909	1 914	95	99	99
Nóv. 1984—maí 1985	1 881	1 964	1 876	1 888	96	100	100

- 1) Breytingar á tekjum sjómanna á botnfiskveiðum eru áætlaðar með tilliti til breytinga fiskverðs og afla á mann á botnfiskveiðum og breytinga í aflasamsetningu. Á árinu 1982 er áætlað, að aflaminnkun á mann hafi numið 5,5% en um 14,3% árið 1983. Árið 1984 er gert ráð fyrir um 8,9% aflaminnkun á föstu verðlagi frá 1983. Jafnframt er gert ráð fyrir 12—14% sóknarminnkun að meðaltali árið 1984 frá árinu 1983. Á árinu 1985 er hins vegar gert ráð fyrir 2,8% aflaukningu á föstu verðlagi frá 1984, en jafnframt nokkru meiri sókn, eða um 1—1½% frá 1984. Hjá verkamönnum er reiknað með 2 ½% hækkun tekna umfram taxta, en 3½% hjá iðnaðarmönnum og 3% hjá öllum launþegum.
 2) Hér er miðað við 20% hækkun á fiskverði til sjómanna frá 21. nóvember 1984, sem gildi til ágústloka 1985.

Tafla 8.

8. janúar 1985.

Rekstraryfirlit frýstingar, söltunar og herslu 1983.
(millj. kr.)

	Frýsting	Söltun	Hersla	Samtals
Tekjur alls:	6 493,8	2 090,2	413,7	8 997,7
1. Útflutningstekjur	6 293,7	1 991,9	413,7	8 699,3
2. Selt af hráefni	58,6	30,3	—	88,9
3. Aðrar tekjur	141,5	68,0	—	209,5
Gjöld alls: (1.—8.)	6 165,6	1 998,3	444,4	8 608,3
1. Laun og tengd gjöld	1 451,2	372,5	64,6	1 883,3
2. Hráefni	3 012,5	1 065,6	207,3	4 285,4
3. Umbúðir	224,7	44,0	4,4	273,1
4. Flutningskostnaður	114,9	37,8	18,1	170,8
5. Orka	199,2	43,5	5,4	248,1
6. Viðhald	205,6	79,4	13,0	298,0
7. Annar kostnaður	328,1	158,7	22,5	509,3
8. Verðbreytingarfærsla v/birgða	629,4	196,8	109,1	935,3
9. Verg hlutdeild fjármagns	328,2	91,9	-30,7	389,4
Verg hlutdeild, % af tekjum	5,1	4,4	-7,4	4,3
Rekstrarafkoma				
10. Reiknuð árgreiðsla m. v. 3% ávöxtun stofn- og rekstrarfjár 25 ára endingartíma fasteigna og 8 ára endingartíma véla og tækja	318,8	114,3	23,8	456,9
11. Hreinn hagnaður (1.=10.-9.)	9,4	-22,4	-54,5	-67,5
Hreinn hagnaður, % af tekjum	0,1	-1,1	-13,2	-0,8
Rekstrarafkoma				
Dæmi um 6% ávöxtun stofn- og rekstrarfjár				
12. Reiknuð árgreiðsla m. v. 6% ávöxtun stofn- og rekstrarfjár 25 ára endingartíma fasteigna og 8 ára endingartíma véla og tækja	431,4	153,3	36,7	621,4
13. Hreinn hagnaður (13.=12.-9.)	-103,2	-61,4	-67,4	-232,0
Hreinn hagnaður, % af tekjum	-1,5	-2,9	-16,3	-2,6
Uppgjör fjármagnskostnaðar skv. skattalögum				
14. Verg hlutdeild fjármagns (án leiðréttingar á verðbreytingarfærslu v/birgða (14.=9+8)	957,6	288,7	78,4	1 324,7
Verg hlutdeild fjármagns (án leiðréttingar á verðbreytingarfærslu v/ birgða, % af tekjum ..	14,7	13,8	18,9	14,7
15. Afskriftir	299,9	109,6	16,1	425,1
16. Gjaldfærðir vextir og gengism.	1 279,9	388,7	94,5	1 763,1
17. Tekjufærsla v/verðbreytinga	616,8	255,2	1,9	873,9
18. Hreinn hagnaður eftir verðbreytingafærslur (18.=14.-15.-16.+17.)	-5,4	45,6	-30,3	9,9
Hreinn hagnaður, % af tekjum	-0,0	2,2	-7,3	0,1
Greitt úr Verðjöfnunarsjóði	—	117,7	23,0	140,7
Greitt í Verðjöfnunarsjóð	—	—	—	—

Athugasemdir: Sjá skýringar.

Tafla 9.

Rekstraryfirlit frystingar og söltunar m. v. rekstrarskilyrði í mars 1985.

(Millj. kr. Gengi USD = 39.93)

	Frysting	Söltun	Samtals
Tekjur alls:	9 236,8	2 579,9	11 816,7
1. Útflutningstekjur	8 989,4	2 500,0	11 489,4
2. Selt af hráefni	72,0	24,5	96,5
3. Aðrar tekjur	175,4	55,4	230,8
Gjöld alls: (1.—7.)	8 185,9	2 310,7	10 496,6
1. Laun og tengd gjöld	2 103,7	488,9	2 592,6
2. Hráefni	4 585,6	1 305,8	5 891,4
3. Umbúðir	320,5	50,8	371,3
4. Flutningskostnaður	157,5	43,0	200,5
5. Orka	278,1	69,8	347,9
6. Viðhald	293,2	137,6	430,8
7. Annar kostnaður	447,3	214,8	662,1
8. Verg hlutdeild fjármagns	1 050,9	269,2	1 320,1
Verg hlutdeild, % af tekjum	11,4	10,4	11,2
Rekstrarafkoma			
9. Reiknuð árgreiðsla m. v. 3% ávöxtun stofn- og rekstrarfjár 25 ára endingartíma fasteigna og 8 ára endingartíma véla og tækja	379,4	135,9	515,3
10. Reiknuð árgreiðsla m. v. 3% ávöxtun rekstrarfjár	128,9	23,2	152,1
11. Viðbót vegna raunvaxta umfram 3% v/birgða	188,8	34,9	223,7
12. Árgreiðsla samtals (12.=9.+10.+11.)	697,1	194,0	891,1
Hreinn hagnaður	353,8	75,2	429,0
Hreinn hagnaður, % af tekjum	3,8	2,9	3,6
Rekstrarafkoma			
Dæmi um 6% ávöxtun stofn- og rekstrarfjár			
13. Reiknuð árgreiðsla m. v. 6% ávöxtun stofn- og rekstrarfjár 25 ára endingartíma fasteigna og 8 ára endingartíma véla og tækja	462,1	165,6	627,7
14. Reiknuð árgreiðsla m. v. 6% ávöxtun rekstrarfjár	257,7	46,5	304,2
15. Viðbót vegna raunvaxta umfram 6% v/birgða	60,0	11,6	71,6
12. Árgreiðsla samtals (16.=13.+14.+15.)	779,8	223,7	1 003,5
Hreinn hagnaður	271,1	45,5	316,6
Hreinn hagnaður, % af tekjum	2,9	1,8	2,7
Framlegð, % af tekjum, skilgr. SH/SÍS	23,6	28,3	

Athugasemdir: Sjá skýringar.

Skýringar við rekstraryfirlit botnfiskvinnslu árið 1983 og framreikningur til rekstrarskýrða í mars 1985. (Tölur 8 og 9).

**Reikningar ársins 1983
(Tafla 8)**

Rekstraryfirlitið er reist á ársreikningum 64 frystihúsafyrirtækja og 54 saltfisk- og skreiðarhúsa árið 1983. Reikningsyfirlitin eru unnin á hliðstæðan hátt og áður.

Tekið hefur verið tillit til áhrifa verðlags á birgðir og er birgðahagnaðurinn, sem fram kemur í ársreikningunum, leiðréttur þannig að matsverð birgða í ársbyrjun og árslok er fært til áætlaðs meðalverðlags ársins 1983. Mismunurinn er færður til gjalda undir liðinn verðbreytingafærsla vegna birgða.

Fjármagnskostnaður er endurmetinn samkvæmt árgreiðsluáðferð. Er Samsetning fjármagns áætluð eftir efnahagsreikningum 90 fiskvinnslufyrirtækja árið 1983. Fjármagnsstofninn er metinn út frá afskriftum í ársreikningi. Endingartími fasteigna er áætlaður 25 ár og véla og tækja 8 ár og jafnframt áætluð rekstrarfjárförf miðað við birgðastöðu í árslok 1983, sem færð hefur verið til meðalverðlags á árinu 1983. Sínd eru tvö tilvik um mismunandi ávöxtun á fjármagni 3% og 6%. Einnig er sýnt uppgjör á rekstrarafkomu eftir reglum skattalaga.

**Rekstraráætlanir frystingar í mars 1985.
(Tafla 9)**

Fiskverðhækkunin 21. nóvember 1984 er metin um 20,5% fyrir frystingu. Miðað er við gengi USD = kr. 39.93. Áætlað er, að framleiðsla frystiafurða dragist saman um 2,5% árið 1984 og framleiðsla árið 1985 verði svipuð og var árið 1984.

Gert er ráð fyrir, að markaðsverð í dollurum hafi lækkað um 4,5% frá árinu 1983 og samsetningarbreyting framleiðslunnar hafi rýrt framleiðslutekjur sem nemur 2,5% af tekjum til viðbótar. Þessar áætlanir eru byggðar á tölum um framleiðslu tímabilsins janúar-júlí 1984 og áætlun um samsetningu framleiðslunnar tímabilið ágúst til desember 1984. Nákvæmari framleiðslusamsetning fyrir árið 1984 liggur væntanlega fyrir fljótlega, og verða forsendur fyrir tekjuhlíð rekstraráætlunarinnar endurmetnar, þegar það uppgjör liggur fyrir og tölurnar því settar fram með fyrirvara, hvað þetta atriði varðar.

Tekið hefur verið tillit til lækkunar á flutningsgjöldum til Evrópu og Ráðstjórnarríkja-anna. Gert er ráð fyrir, að flutningsgjöld til meginlands Evrópu lækki um 25% og um 46% til Rússlands. Í heild er áætlað að lækkunin nemi um 13% eða sem nemur tæplega 1% af tekjum frystingar.

Í áætluninni hefur verið tekið tillit til breytinga á útflutningsgjöldum frá því sem var á árinu 1983. Fjármagnskostnaður er endurmetinn eftir árgreiðsluáðferð og sínd tvö tilvik, um 3% og 6% ávöxtun á fjármagni. Birgðahaldstíminn er metinn 5,5 mánuðir. Greiðslustaða hefur ekki verið metin, en stefnt er að því að gera það á næstunni. Launahækkun í mars 1985 er tekin með, en ekki er gert ráð fyrir að framleiðslulaun dragist saman í samræmi við áætlaðan samdrátt í framleiðslu, sem þýðir tæplega 2% launahækkun á framleiðslueiningu umfram breytingar kauptaxta. Önnur gjöld eru einnig færð fram til marsverðlags 1985.

**Rekstraráætlanir söltunar í mars 1985.
(Tafla 9)**

Fiskverðhækkunin í söltun 21. nóvember 1984 er metin 18,8%. Miðað er við gengi USD = kr. 39.93. Að öðru leyti er miðað við áætluð rekstrarskýrði í mars 1985. Gert er ráð fyrir, að framleiðslan dragist saman um 17% frá 1983 miðað við fast verðlag. Að frátöldum tandurfiski er áætlað, að samdráttur framleiðslunnar frá 1983 verði um 36%.

Gert er ráð fyrir, að markaðsverðlag í dollurum hafi hækkað um tæplega 3,0% frá árinu 1983 á óverkuðum þorski en lækkað nokkuð á öðrum afurðum söltunar. Til dæmis er gert ráð fyrir um 12% verðlækkun á söltuðum ufsaflökum og um 16% verðlækkun á þorskflökum.

Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði, þar sem innistæða í saltfiskdeild sjóðsins er uppurin, en greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði voru um 7% af tekjum söltunar árið 1983. Reiknað er með 5,5% útflutningsgjaldi frá áramótum, en árið 1984 var það 4%.

Framleiðsla á tandurfiski er metin sérstaklega í framreikningi og er ástæðan fyrir því sú, að miðað er við grunn ársins 1983, en framleiðsla á tandurfiski hófst ekki fyrr en árið 1984. Hefur framleiðslukostnaður á tandurfiski í rekstraráætlun verið metinn í samræmi við áætlanir SÍF. Er í því sambandi meðal annars tekið tillit til betri nýtingar og lægri launakostnaðar við tandurfiskframleiðslu en framleiðslu á óverkuðum fiski.

Upplýsingar um markaðsverð eru frá SÍF og er miðað við áætlun samtakanna um meðalverð á vetrarvertíð 1985. Gert er ráð fyrir óbreyttum flutningsgjöldum.

Fjármagnskostnaður er endurmetinn eftir árgreiðsluáðferð og sýnd tvö tilvik, um 3% og 6% ávöxtun. Gert er ráð fyrir 3,5 mánaða birgðahaldstíma að meðaltali, sem er í samræmi við áætlanir SÍF. Greiðslustaðan hefur ekki verið metin, en stefnt er að því að ganga frá efni þar að lútandi á næstunni.

Í áætlun um rekstrarskilyrði í mars 1985 hefur verið tekið tillit til hækkunar launa í mars og eru gjaldabreytingar lauslega áætlaðar.